

**82** hann, og skal hann síðan birtur í Stjórnartíðindunum og blaði, er út er gefið í 22. maí. Ísafjarðarsýslu.

Þannig samþykkt í einu hljóði á aðalfundi sýslunefndar Vestur-Ísafjarðarsýslu 6. febrm. 1911.

Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu, 16. febrm. 1911.

*Magnús Torfason.*

**83**  
26. maí.

## Reglugjörð

fyrir kennaranámsskeið í Reykjavík.

1. gr.

Það er tilgangur námsskeiðsins að veita barnakennurum landsins verklegar leiðbeiningar í barnakenslu í öllum þeim greinum, sem kendar eru í barnaskólunum, og eftir því sem tími vinnst til, auka þekkingu þeirra í uppeldisfræði og öðrum þeim fræðigreinum, sem barnakennarar þurfa að vera vel að sér í.

2. gr.

Verklegar kensluæfingar skulu fara fram að minsta kosti 3 stundir á degi hverjum meðan námsskeiðið stendur, og skulu kennarar kennaraskólans, eða þeir aðrir, sem falið verður að kenna við námsskeiðið stýra kensluæfingunum, og halda sjálfir fyrirmyndarkenslustundir við og við, en láti nemendur námsskeiðsins að jafnaði kenna undir umsjón sinni; þeir leiðbeina nemendum námsskeiðsins um undirbúning undir hverja kenslustund, og hafa stutta viðræðu við þá um kensluna eftir að hverri kenslustund er lokið.

## 3. gr.

Kensla í uppeldisfræði fer fram með fyrirlestrum eina stund á degi hverjum, og samtali við nemendur í sambandi við efni þeirra.

83

26. maí.

## 4. gr.

Nemendur námsskeiðsins eiga kost á því að fá tilsögn í einstökum námsgreinum, þeim er kendar eru í barnaskólunum (móðurmál, saga, landafræði, náttúrufræðu, reikningur, handavinna, söngur, teikning og leikfimi) alt að tveim stundum á dag í hverri grein, þó eigi fleiri en þrem greinum ár hvert. Eigi mega þátttakendur í hverri grein vera færri en 5.

## 5. gr.

Á námsskeiðið er veitt inntaka:

- a. Þeim barnakennurum, sem lokið hafa prófi við kennaraskólann;
- b. þeim kennurum, sem lokið hafa kennaraprófi við Flensborgarskólann;
- c. þeim, sem lokið hafa prófi við gagnfræðaskóla, eða aflað sér á annan hátt álíka mentunar, og síðan að staðaldri stundað barnakenslu að minsta kosti fimm ár.
- d. öðrum barnakennurum, sem stundað hafa kennarastarf samfleytt 5 ár eftir 25 ára aldur.

## 6. gr.

Námsskeiðið byrjar 15. maí, og endar 30. júní ár hvert. Lengja má það í alt að 8 vikur, og hefst þá 1. maí.

## 7. gr.

Forstöðumaður kennaraskólans stendur fyrir námsskeiðinu. Til hans skulu sendar umsóknir um hluttöku í því, og skulu umsóknirnar vera komnar til hans fyrir febrúarmánaðarlök ár hvert.

## 8. gr.

Kennarar við námsskeiðið eru: forstöðumaður kennaraskólans og meðkennarar hans. Þegar meiri kenslukrafta er þörf, skipar stjórnarráðið stundakennara eftir að hafa fengið um það tillögur forstöðumanns, og ákveður borgun fyrir kensluna.

## 9. gr.

Um leið og umsækjendur senda umsóknarbréf sín, skulu þeir tilkynna forstöðumanni í hverjum námsgreinum þeir óska að taka þátt, og semur hann samkvæmt því stundaskrá er hann sendir stjórnarráðinu til samþykta.

**83**  
26. maí. Nemendur skulu sækja kenslustundir reglulega, og má enginn nemandi sækja æfingátíma í færri en 3 greinum, og ekki færri kenslustundir samtals en 30 á viku.

10. gr.

Halda skal forstöðumaður bók yfir nemendur á námsskeiðinu, og námsgreinar þær, er þeir taka þar þátt í. —

Í stjórnarráðinu, 26. maí 1911.

**Kristján Jónsson.**

*Eggert Briem.*

**84**  
27. maí.

## **Reglugjörð**

**um Landsskjalasafnið.**

1. gr.

Í Landsskjalasafni Íslands eru þau skjalasöfn, er nú greinir:

1. Skjalasafn höfuðsmanna, stiftamtanna, landshöfðingja og stjórnarráðs.
2. Skjalasafn stiftsyfirvalda (sem nú er lokið).
3. Skjalasafn amtmanna (sem nú er lokið).
4. Skjalasafn hinna fornu biskupsstóla og biskupsdæmisins, ásamt skjalasöfnum prófastsdæma, kirkna og prestakalla.
5. Skjalasafn landsyfirdóms og hins forna yfirréttar og lögþingisréttar.
6. Skjalasafn landlæknis.
7. Skjalasafn landfógeta (sem nú er lokið).
8. Skjalasafn endurskoðunar umboðsvaldsins.
9. Skjalasafn alþingis.
10. Skjalasöfn sýslumanna og bæjarfógeta.
11. Skjalasöfn héraðslækna.
12. Skjalasöfn umboðsmanna (þjóðjarða).
13. Skjalasöfn hreppstjóra.
14. Skjalasöfn sýslunefnda, hreppsnefnda og bæjarstjórna.
15. Skjalasöfn sáttanefnda.
16. Skjalasöfn bólusetjara.